

Atli Harðarson

Húmanisminn, upplýsingin og íslenska stúdentsprófið

1. Stúdentsnám – stöðugleiki í umróti síðustu aldar

Þann 1. ágúst 2008 gengu í gildi ný lög um framhaldsskóla. Þessi lög gera ráð fyrir að skólarnir ákveði að mestu leyti hver fyrir sig hvað kennt skuli til stúdentsprófs og eru að því leyti ólík framhaldsskólalögnum sem gilt höfðu frá 1996 og kváðu á um að námsskipan allra skólanna væri bundin af aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins.¹

Kennarar og stjórnendur framhaldsskóla vinna nú nýjar skólanámskrár þar sem þeir nýta sér frelsið sem lögin frá 2008 veita þeim. Við þessa vinnu vakna margar spurningar um nám til stúdentsprófs, tilgang þess og innihald. Vera má að menn glöggvi sig betur á sumum þeirra ef þeir þekkja sögu stúdentsnámsins og vita í hvaða jarðvegi rætur þess liggja.

Í því sem hér fer á eftir verður sýnt fram á að námskrá fyrir stúdentspróf við íslenska skóla byggist á hefð sem við fengum frá Dönum og varð til sem málamiðlun milli tvenns konar menntaheimspeki: Húmanismans og upplýsingarstefnunnar.

Til að skýra mismuninn á þessum stefnum er ef til vill heppilegast að byrja á að einfalda flókinn veruleika og segja að húmanisminn hafi lagt áherslu á það háleita en upplýsingin á það hagnýta. Önnur einföldun sem gefur þokkalega vísbendingu er að húmanistar hafi talið að skólaganga ætti umfram allt að kynna nemendum það besta úr menningunni, einkum sígild rit Grikkja og Rómverja, en upplýsingarmenn hafi álitnið mikilvægast að nemendur öðluðust víðtæka þekkingu á mannlífinu og náttúrunni og skilning á sem flestum greinum vísinda og fræða.

Um þessar ólíku menntastefnur verður fjallað nánar í 4. og 5. hluta. Áður en að því kemur segi ég stuttlega frá þróun stúdentsnámsins frá því það varð til í Danmörku um miðja nítjándu öld. Ég mun einbeita mér að umræðu um námsefni þótt rökræður fylgismanna

¹ Sjá §23 í lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 og §21 í lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996. Aðalnámskrá í samræmi við framhaldsskólalögin frá 1996 kom fyrst út 1999. Endurskoðuð gerð hennar var gefin út árið 2004.

upplýsingarstefnu og húmanisma um skólamál hafi snúist um fleira, ekki síst siðferðilegt uppeldi í skólum.

*

Hér á landi hefur listinn yfir námsgreinar til stúdentsprófs haldist nokkuð stöðugur frá því í byrjun tuttugustu aldar, eða nánar tiltekið síðan Lærða skólanum var breytt í Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík árið 1904.²

Til ársins 1904 var námskráin sniðin að danski fyrirmynd og raunar var hún afar svipuð á öllum Norðurlöndunum fram til þess tíma, en síðan hefur þróun stúdentsnáms verið með nokkuð ólíkum hætti í þessum löndum.³ Sú breyting sem hér varð 1904 gerðist einu ári fyrr, eða 1903, í Danmörku og þá var tekið að nota orðið „gymnasium“ um skólana en áður var talað um „den lærde skole“. Á íslensku var talað um menntaskóla eftir 1904 en fyrir þann tíma hét hann Lærði skólinn, þótt hann væri oftast kallaður Latínuskólinn.⁴

Mun meiri breytingar urðu á vægi námsgreina 1904 heldur en orðið hafa síðan. Þá var hætt að leggja aðaláherslu á forn-mál sem fengið höfðu nálægt 40% af kennslutímanum. Raunar var alveg hætt að kenna grísku og tíminn sem latína fékk fór niður í 13% af

² Á málabraut Menntaskólans í Reykjavík, sem er eina námsbrautin sem starfrækt hefur verið samfleytt frá 1904, hefur hlutur móðurmáls til dæmis sveiflast milli 9% og 12% af kennslutíma, erlendra nútímamála milli 35% og 39%, sögu, félagsfræði og landafræði milli 9% og 16%, stærðfræði og raungreina milli 16% og 18% og íþróttakennsla hefur fengið á bilinu 5% til 9% af kennslutíma á þessu rúmlega einnar aldar tímabili.

Árið 1910 voru eftirtaldar námsgreinar kenndar á síðustu fjórum árum fyrir stúdentspróf við Menntaskólann í Reykjavík: Danska, enska, fornaldarfræði, franska, handavinna, íslenska, íþróttir, kristinfræði, landafræði, latína, náttúruvísindi, saga og félagsfræði, stærðfræði, söngur, teikning, viðskiptafræði/bókfærsla og þýska. Hálfri öld síðar, árið 1960, höfðu sex námsgreinar, sem fengu samtals 10% kennslutímans árið 1910, fallið brott úr námskrá skólans. Þessar greinar eru: Fornaldarfræði, handavinna, kristinfræði, landafræði, teikning og viðskiptafræði/bókfærsla.

Sé enn farið hálfra öld fram í tíma til ársins í ár er námsgreinalistinn frá 1960 óbreyttur að öðru leyti en því að hætt hefur verið að kenna söng en tekin hefur verið upp kennsla í tveim nýjum greinum sem eru lífsleikni og tölvufræði. Þessar tvær nýju greinar fá samtals á móta rúm og söngurinn hafði eða um 3% af kennslutíma. Ennfremur hefur latína verið felld niður á raungreinabrautum, viðskiptafræði/bókfærsla hefur aftur verið tekin upp á málabraut og nemendum gefst nú kostur á að velja spænsku í stað frönsku eða þýsku. (Heimildir: Kristinn Ármannsson o. fl., 1975, bls. 110 - 252 nema upplýsingar um samsetningu náms 2010 sem voru sóttar af vef Menntaskólans í Reykjavík, <http://www.mr.is>, 3. janúar 2010.)

Skipan náms við Menntaskólann í Reykjavík árið 2010 fylgir aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins frá árinu 1999 og er því svipuð og í öðrum framhaldsskólum sem bjóða upp á sömu námsbrautir. Skólinn sker sig helst úr í því að hafa latínu sem skyldugrein á málabraut og binda nám nemenda þannig að þeir sem eru á sömu braut taka sama kjörsvið.

* Athugasemd um kjörsvið: Samkvæmt *Aðalnámskrá framhaldsskóla* frá 1999 og 2004 er brautarkjarni á bóknámsbrautum 98 einingar af 140 og algerlega frjálst val 12 einingar. Þær 30 einingar sem á vantar kallast kjörsvið og um það hafa nemendur eða skólar val eftir reglum sem segja að af þessum 30 einingum verði a.m.k. 18 einingar að vera í kjörsviðsgreinum brautarinnar, en 12 einingar megi vera í kjörsviðsgreinum annarra bóknámsbrauta. Kjörsviðsgreinar á náttúrufræðibraut eru t.d. allar greinar náttúruvísinda, tölvufræði og stærðfræði og á málabraut erlend mál, íslenska og stærðfræði. (Heimildir: Menntamálaráðuneytið 1999, 2004.) Sumir framhaldsskólar leyfa hverjum nemanda að velja sér kjörsvið, sumir velja það sama á alla sem eru á sömu braut eða línu innan brautar og sumir fara milliveginn og leyfa einstaklingum að velja hluta af þessum 30 einingum en binda hluta.

³ Kristinn Ármannsson, Einar Magnússon, Guðni Guðmundsson og Heimir Þorleifsson, 1975: 11–12.

⁴ Bogi Th. Melsteð 1986: 129.

kennslustundum á síðustu fjórum árum fyrir stúdentspróf, en á þessum árum var skólinn enn skipulagður sem sex ára nám.

Veigamestu breytingarnar sem orðið hafa á námsskipan við Menntaskólann í Reykjavík síðan 1904 eru að skólanum var skipt í máladeild og stærðfræðideild árið 1919 en fram að þeim tíma var aðeins ein námsbraut í boði sem samsvaraði nokkurn vegin því sem nú kallast málabraut; Námsgreinarnar kristinfræði, fornaldarfræði, teikning, handavinna og söngur hafa horfið úr námskránni en tvær nýjar greinar, lífsleikni og tölvufræði, hafa bæst við. Ef til vill má líta svo á að lífsleikni hafi að einhverju leyti tekið við hlutverki kristinfræðinnar en ekkert hefur komið í staðinn fyrir hinar greinarnar sem fallið hafa brott.

Fornaldarfræðin var sett inn á sínum tíma, bæði hér á landi og í Danmörku, til að tryggja að nemendur hefðu einhver kynni af klassískum bókmenntun Grikkja þótt hætt væri að kenna grísku. Í dönskum menntaskólum er fornaldarfræðin enn skyldunámsgrein og kallast „oldtidskundskab.“⁵

Greinarnar sem kenndar voru fyrst eftir 1904 og féllu brott þegar leið á öldina höfðu fremur lítið vægi. Þeirra stærst var handavinnan. Alla tíð frá 1904 hafa að minnsta kosti þrjár fjórðu hlutar kennslustunda til stúdentsprófs farið í að kenna móðurmál, erlend nútímamál, sögu, samfélagsgreinar, stærðfræði, raungreinar og íþróttir. Vægi þessara námsgreina hefur, ef eitthvað er, heldur farið vaxandi á kostnað lista og handverksgreina sem vikið hafa úr námskrá.

En hvaðan kom þessi listi yfir námsgreinar, sem hefur haldist svo lítt breyttur þrátt fyrir allt umrót tuttugustu aldar?

2. John Locke, upplýsingin og íslenskir frumkvöðlar á nítjándu öld

Sá hugsuður sem hafði mest áhrif á menntastefnu upplýsingarmanna var enski heimspekingurinn John Locke.⁶ Hann var uppi á árunum 1632 til 1704 og ritaði *Hugleiðingar um menntamál* (*Some Thoughts Concerning Education*) fyrir foreldra og kennara sem ala upp herra menn („gentlemen“). Þessi bók kom út árið 1693. Síðasti þriðjungur hennar er

⁵ Upplýsingar sóttar 3. janúar 2010 á vef danska menntamálaráðuneytisins <http://www.uvm.dk/>. Slóð að skjali http://www.ug.dk/Uddannelser/gymnasialeuddannelser/studentereksamen_stx.aspx.

⁶ Schmitter, Tarcov og Donner 2006: 74.

Lýsing á námsgreinum sem Locke lagði til að ungum herraönnum væru kenndar.

Námsgreinarnar sem hann mælti með voru:

Lestur (§150–59)⁷

Skrift (§160)

Teikning (§161)

Franska (§162)

Latína (§163–4)

Landafræði (§ 178–9 og 181)

Talnareikningur (§180)

Stjörnufræði (§180)

Rúmfræði – Sex bækur Evklíðs (§181)

Saga („Chronology“ og „History“) (§182–4)

Siðfræði (§185)

Stjórn málafræði, lög, hagnýtur fróðleikur um samfélagið (§186–7)

Stíll og ritun á móðurmáli (§189)

Biblúsögur (§190–91 og §158–9)

Náttúruvísindi (§193–4)

Dans (§196)

Garðyrkja og landbúnaður (§204)

Handavinna – smíði (§204)

Bókfærsla (§210–11)

Til viðbótar við námsgreinarnar sem hér voru taldar mælti Locke með námsferð til útlanda. Hann skýrði ekki hvað hver grein ætti að fá mikinn tíma en af öðrum skrifum hans má ráða að hann taldi sumar þessara námsgreina mikilvægari en aðrar. Í riti sínu *Of the Conduct of the Understanding*, sem út kom að honum látnum árið 1704, lagði Locke t.d. áherslu á að stærðfræðinám væri sérdeilis góð þjálfun fyrir hugann.⁸

Locke lagði ekki beinlínis til að leikfimi eða íþróttir væru sérstök námsgrein þótt hann segði að líkamleg áreynsla væri nauðsynleg og hefði góð áhrif á heilsu manna. Ef til vill sleppti hann íþróttunum vegna þess að hann var heldur mótfallinn hefðbundinni íþróttakennslu fyrir syni yfirstéttarinnar þar sem áherslan var á skyldingar og fleiri íþróttir

⁷ Tilvísanir innan sviga eiga við númeraða kafla í *Some Thoughts Concerning Education* (Locke 1989).

⁸ Locke 1993: 30–35 [§7].

sem tengdust hernaði. Locke áleit þessa hefð ala á ofbeldi og vondum siðum eins og hólmgöngum.⁹

Fróðlegt er að bera námskrá Lockes saman við skrif frumkvöðla í íslenskri skólamálaumræðu á nítjándu öld sem settu fram hugmyndir um námskrár fyrir unglinga. Þessum skrifum hefur verið safnað saman af Braga Jósepssyni í bókinni *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Þar má lesa um hugmyndir Jóns Sigurðssonar (1811–1879) og Boga Th. Melsteð (1860–1929) um stúdentspróf eða jafngildi þess. Einnig eru þarna skrif eftir Arnljót Ólafsson (1823–1904) og Stefán Stefánsson (1863–1921) um almenna menntun unglinga og greinargerð Valdimars Ásmundarsonar (1852–1902) fyrir hugmyndum sem settar voru fram af nefnd sem Alþingi kaus 1881 til að semja álit um almenna menntun á unglingsstigi.

Hér eru þessar hugmyndir dregnar saman í stuttu máli. Ártölin gefa til kynna hvenær skrif höfundar birtust fyrst.

Jón Sigurðsson 1842: Trúarlærdómar, íslenska, latína, gríska, danska, þýska, franska, enska, hebreska, náttúrufræði, saga, landafræði, mælingarfræði, reikningur, söngur, skrift, uppdráttur.¹⁰

Arnljótur Ólafsson 1875: Íslenska, enska, franska, þýska, danska, náttúruvísindi og stjörnufræði, saga, landafræði, talnalist og stærðfræði, almenn siðfræði og félagsfræði eða gott ágríp af hagfræði, auðfræði, stjórnfræði og almenn lögfræði, skrift eða dráttarlist (teikning).¹¹

Valdimar Ásmundarson 1886–7: „Alþingi 1881 kaus nefnd af þingmönnum til að semja álit um mentamál alþýðu. [...] Nefndin lagði til, að þessar fræðigreinar væri kendar: 1. Ágríp af nýju sögunni, einkum á þessari öld. 2. stutt yfirlit yfir helstu atriði landafræðinnar, [...] 3 saga landsins og lýsing þess. 4. stutt yfirlit yfir helstu landsréttindi og stjórn. 5. hin almennustu og einföldustu atriði náttúrufræðinnar og náttúrusögunnar. 6. lýsing á byggingu mannlegs líkama og heilbrigðisreglur. 7. almenn brot, þríliða, prósentureikningr, rentureikn., félagsreikn. og einföldustu reglur fyrir flatarmáli. 8. íslensk réttitun og æfing í að tala og rita skipulega. 9. að skilja dönsku á bók.“¹²

⁹ Locke 1989; 253–4 [§198–9].

¹⁰ Jón Sigurðsson 1986: 30.

¹¹ Arnljótur Ólafsson 1986: 60.

¹² Valdimar Ásmundarson 1986: 123–4.

Bogi Th. Melsteð 1888: Leikfimi, söngur, handiðnir, teikning, skrift, stærðfræði, stjörnufræði, eðlisfræði, efnafræði, steinafræði, grasafræði, dýrafræði, líffærafræði, landafræði, sagnfræði, íslenska, danska, enska, þýska, latína, franska.¹³

Stefán Stefánsson 1888: „Á öllum unglingaskólum ætti að kenna: lestur, teikning, skrift, kristileg fræði, reikning, rjettritun, valda kafla úr almennri sögu og sögu Íslands, og helstu meginatriði náttúrufræðingar, almennrar landafræði og heilbrigðisfræðinnar. Auk þess ætti að láta unglingana temja sér ýmsa leikfimi og handavinnu.“¹⁴

Tillaga Boga um nám til undirbúnings háskólanámi vikur mjög frá hefð Lærða skólans því Bogi gerir aðeins ráð fyrir latínukennslu fyrir 18 og 19 ára unglinga og segir að kennslan eigi að vera sem svarar 7 vikustundum. Þetta er talsvert ólíkt tillögu Jóns Sigurðssonar frá því tæpri hálfri öld fyrr, en Jón gerði ráð fyrir að latínan dreifðist á 6 ár og væri sem svarar 46 vikustundum af alls 204.

Það er sláandi hvað námsgreinalistinn hjá Locke er nauðalíkur þeim sem í gildi var við Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík á árunum eftir 1904. Munurinn er einkum sá að Locke vildi kenna siðfræði, dans og garðyrkju eða landbúnað en söngur, fornaldarfræði (þ.e. grískar fornþekkingar) og íþróttir komust ekki á blað hjá honum og ekki heldur danska og þýska.¹⁵ Annar munur sem vert er að nefna er að Locke gerði ekki ráð fyrir að lestur fagurbókmennta væri innifalinn í kennslu móðurmáls eins og raun hefur orðið við menntaskóla nútímans. Einnig eru tillögur þeirra íslensku nítjándualdarmanna sem vitnað var til hér að ofan merkilega líkar námskrá Lockes.

Ákvörðunin um breytta námskrá til stúdentsprófs, sem tekin var fyrir danska menntaskóla árið 1903 og Íslenska skólann ári seinna, var í samræmi við áherslur upplýsingarstefnunnar allt frá dögum Lockes og viðhorf sem voru útbreidd á nítjándu öld. Með þessari ákvörðun var horfið frá latínuskólahefðinni og námskráin meira miðuð við að nemendur öðluðust víðtæka þekkingu og skilning en að þeir kynntust dýrustu perlum menningarsögunnar.

En hvenær og hvernig náðu þessi viðhorf fótfestu í ríki Danakonungs?

¹³ Bogi Th. Melsteð 1986: 132.

¹⁴ Stefán Stefánsson 1986: 163.

¹⁵ Námsgreinarnar lestur og skrift sem Locke nefndi voru líklega ætlaðar börnum fremur en unglingum.

3. Í ríki Danakonungs – þróunin til 1904

Eigi að leita að ástæðum fyrir því að námskrá til stúdentsprófs var eins og hún var á nítjándu öld og þeim miklu breytingum sem urðu 1904 þarf að skoða þróun skólamála í Danmörku, því á þessum tíma var Ísland hluti af danska ríkinu.

Fram á miðja nítjándu öld tók þróunin í Danmörku mjög mið af því sem gerðist í Þýskalandi en á því varð breyting í stríðinu um Slésvík og Holtsetaland sem hófst árið 1848 og eftir það fóru Danir sínar eigin leiðir við mótun menntakerfis.¹⁶

Árið 1850 voru sett ný lög um kennslu til undirbúnings háskólanámi í Danmörku. Í *Sögu Reykjavíkurskóla*, sem Sögusjóður Menntaskólans í Reykjavík gaf út árið 1975, segir að samkvæmt þessum lögum skyldu markmið lærdú skólanna vera að veita sanna almenna menntun og undirbúning undir háskólanám. Aðaláhersla skyldi lögð á „siðgæðilega menntun“ og þekkingu á menningu fornaldar, svo og bókmenntir á móðurmálinu.¹⁷ Áherslan á bókmenntir og forna menningu var í anda nýhúmanismans sem hafði um nokkurra áratuga skeið verið í sókn eins og nánar verður frá sagt í 5. hluta.

Ítarleg saga hinna lærdú skóla og menntaskóla í Danmörku frá byrjun nítjándu aldar til nútímans hefur nýlega verið rituð af sagnfræðingnum Harry Haue. Hann segir að við breytinguna sem varð með löggjöfinni 1850 hafi stúdentspróf nútímans orðið til í Danmörku.¹⁸

Áður en lögin frá 1850 tóku gildi var hin nýja skipan framkvæmd til reynslu í þrem skólum og voru fyrstu stúdentsprófin í Danmörku haldin árið 1846 við Odense Katedralskole.¹⁹

Þessi skipan sem tók gildi um miðja nítjándu öld er oft kennd við Johan Nicolai Madvig (1804–86) sem var menningarmálaráðherra („kulturminister“) í Danmörku frá 1848 til 1851. Með henni var horfið frá því að láta háskólanann annast lokapróf, sem kölluð voru „eksamen artium“ og voru í raun inntökupróf í sérhæft nám á háskólastigi. Um leið var námsefni fyrsta árs í háskólanum flutt til lærdú skólanna, allt nema heimspeki (eða heimspekileg forspjallsvísindi). Skyldi almennri menntun („almenndannelse“) háskólaborgara nú að mestu leyti lokið í hinum lærdú skólum en háskólinn einbeita sér að sérhæfingu.²⁰

¹⁶ Haue 2004: 47.

¹⁷ Kristinn Ármannsson o. fl. 1975: 10.

¹⁸ Haue 2004: 29.

¹⁹ Sama rit: 24 og 31.

²⁰ Sama rit: 21 og 24.

Madvig var menntaður í fornmálum og klassískum fræðum og menntahugsjónir hans mótaðar af nýhúmanisma. Með almennri menntun átti hann því ekki fyrst og fremst við víðtæka þekkingu og skilning á sem flestum greinum vísinda og fræða að hætti upplýsingarmanna heldur skyldi markmið hennar vera hæfni nemenda til rétttrar breytni í víðasta skilningi – að þeir öðluðust sem mesta lífsfyllingu og yrðu móttækilegir fyrir því sem lífgar og glæðir skipulega virkni andans („Indtryk og Tilskyndelser til ordnet aandelig Virksomhed“).²¹

Lærðu skólarnir lengdust úr 7 árum í 8 ár með lögnum 1850. Raunar samsvarar aðeins síðari hluti þessa 8 ára skóla námi til stúdentsprófs eins og það hefur þróast á seinni árum, en fyrri hlutinn var nær því að samsvara gagnfræðaskóla eða unglíngadeildum grunnskóla.²² Hér á landi var skólanámið við Lærða skólann aldrei eins langt og danskar reglur kváðu á um. Fyrir 1850 var hann í reynd 4 ár og eftir 1850 var hann 6 ár.²³

Upphaflega var ætlun Madvigs og annarra sem stóðu að breytingunum um miðja nítjándu öld að allir nemendur í lærðu skólunum hlytu sömu almennu menntunina. Hún skyldi grundvöllur menningarlegrar einingar menntamanna („akademisk enhedskultur“).²⁴

Á seinni hluta nítjándu aldar varð mönnum ljós aukin þörf fyrir menntun á sviði stærðfræði og raunvísinda. Reynt var að mæta henni í lærðu skólunum, eins og þeir voru eftir 1850, en þá voru kenndar, á 8 árum, alls 65 vikulegar kennslustundir í stærðfræði og raungreinum en 85 samtals í latínu og grísku.²⁵ Þeir sem vildu auka hlut stærðfræði og raungreina voru ekki sáttir við þessa skipan og úr varð að lögum um lærðu skólana var breytt árið 1871 og þeim skipt í tvær deildir, mála- og sögudeild annars vegar og stærðfræði- og náttúrufræðideild hins vegar.²⁶ Þar með var horfið að nokkru frá þeirri stefnu Madvigs að almenn menntun skyldi söm fyrir alla háskólaborgara. Þessi breyting var umdeild og var tekist á um hana fram undir lok nítjándu aldar.²⁷

²¹ Sama rit: 22.

²² Sama rit: 29.

²³ Kristinn Ármannsson o. fl. 1975: 19.

²⁴ Haue 2004: 36.

²⁵ Sama rit: 36.

²⁶ Þótt lagabreytingin sem gerð var í Danmörku 1871 öðlaðist gildi hér á landi 1877 var skólanum í Reykjavík ekki skipt í deildir fyrr en 1919 (Kristinn Ármannsson o. fl. 1975: 10 og 78).

²⁷ Haue 2004: 55 og 60.

Lögin frá 1871 fólu í sér fleiri breytingar en skiptingu lærðu skólanna í deildir. Með þeim voru tveir neðstu bekkirnir lagðir af svo skólinn varð 6 ár í stað 8 áður. Jafnframt voru stofnaðir forskólar eða undirbúningsskólar sem bjuggu nemendur undir inntökupróf í lærðu skólana. Fyrstu 3 árin í lærðu skólunum skyldu allir nema sömu greinar. En frá og með fjórða bekk skiptust þeir í deildir.²⁸

Í Danmörku hélst skipanin frá 1871 lítt breytt til ársins 1903 þegar sett voru ný fræðslulög sem mótuðu skólastarfið alla tuttugustu öld. Með þessari löggjöf breyttist æði margt. Eins og fyrr segir var dregið mjög úr áherslu á latínu í menntaskólum og gríska lögð niður sem skyldunámsgrein. Við þessi tímamót var einnig tekið að veita stúlkum inngöngu í skólana.

Á vef danska menntamálaráðuneytisins er saga danska skólakerfisins sögð í stuttu máli. Þar segir um breytinguna 1903 að með henni hafi: Skólakerfið fyrst myndað samfellu sem hófst með 5 ára barnaskóla; Eftir barnaskólann tók við 4 ára miðskóli; Að miðskóla loknum gátu nemendur lokið ársnámi til gagnfræðaprófs eða farið í menntaskóla og tekið stúdentspróf að loknu 3 ára námi.²⁹

Eins og í Danmörku var stúlkum hér á landi heimiluð innganga í menntaskóla.³⁰ Ekki var þó allt eins hér og þar því hér var skilgreint 6 ára nám og skyldi það samsvara 4 ára miðskóla og 3 ára menntaskóla í Danmörku. Í stað þess eina árs sem á vantaði átti að krefjast frekari inntökuskilyrða en við dönsku miðskólana.³¹

*

Meðan þessari sögu vatt fram tókust á ólíkar hugmyndir um menntun og gildi hennar. Nefnt hefur verið að Madvig var handgenginn nýhúmanisma. Sú stefna reis sem andóf gegn upplýsingunni og þeirri menntastefnu sem sótti einkum innblástur í rit Lockes.

Á átjándu öld komu fram hreyfingar í dönskum skólamálum sem sóttu fyrirmyndir til Lockes og upplýsingarmanna. Þessar hreyfingar vildu meðal annars auka veg náttúruvísinda en draga heldur úr áherslu á formál og bókmenntir.³²

²⁸ Kristinn Ármannsson o. fl. 1975 10; Haue 2004: 53.

²⁹ Upplýsingar sóttar 3. janúar 2010 af vefsíðunni http://sekr.uvm.dk/historie/tekster_tidsoejle/latin_1903.html.

³⁰ Kristinn Ármannsson o. fl. 1975: 70.

³¹ Sama rit: 68.

³² Haue 2004: 16.

Undir lok átjándu aldar lögðu þeir sem réðu ferðinni við æðri menntastofnanir einnig vaxandi áherslu á menntun í náttúruvísindum. En þá var nýhúmanismi tekinn að styrkjast og eflast og átti eftir að hafa mikil áhrif á stefnumótun í menntamálum Dana alla nítjándu öld.³³

Nýhúmanistar voru arftakar húmanisma endurreisnartímans á fimmtándu og sextándu öld og ætluðu fornámum og fornum bókmenntum mikinn hlut, en bættu þó við nýrri áherslu á þjóðlegar bókmenntir.

Menntastefnan sem birtist í námskrá Lærða skólans um miðja nítjándu öld, þegar fornámín fengu um 40% kennslutímans, var málamiðlun milli menntastefnu nýhúmanista og upplýsingarmanna þar sem þeir fyrrnefndu voru atkvæðameiri. Með breytingunum sem urðu 1871 unnu sjónarmið í anda upplýsingarstefnunnar áfangasigur og enn stærri sigur svo 1903 þegar lærðu skólarnir breyttust í almenna menntaskóla. Síðan þá hefur listinn yfir námsgreinar til stúdentsprófs og hlutfallslegt vægi þeirra dregið dóm af stefnu upplýsingarmanna þótt komið hafi verið til móts við áherslur húmanista með því að samþætta bókmenntalestur við kennslu móðurmáls og með því að kenna greinar á borð við fornaldarfræði.

En hvernig hófst þessi togstreita upplýsingar og húmanisma?

4. Húmanisminn og uppreisn Lockes gegn honum

Húmanisminn, sem einnig er nefndur fornmenntastefna, mótaðist á fimmtándu og sextándu öld. Fylgismenn hans lögðu frá upphafi áherslu á að skólar kenndu göfuglyndi, glæsímennsku í framgöngu og stíl, smekkvísi, fágun og háleitar hugsjónir. Þetta átti að gera með því að miðla því besta úr bókmenntum og heimspeki fornaldar og þjálfva nemendur í orðsins list. Menntun í anda húmanismans lagði áherslu á málfræði, mælskulist, sögu, siðfræði og skáldskaparlist fremur en kerfisbundna heimspeki í anda skólaspekinnar.³⁴ Á seinni tímum hafa talsmenn húmanískra viðhorfa haldið fram ágæti náms í bókmenntum og listum, stundum á kostnað raunvísinda- og tæknigreina eða námsgreina sem eru nátengdar atvinnulífi.

³³ Sama rit: 17.

³⁴ Bantock 1980: 18–19 og 45; Kallendorf 2006: 63–7.

Þótt húmanisminn hafi átt marga fylgismenn í byrjun nýaldar voru þeir líka margir sem gagnrýndu þessa stefnu í skólamállum. Einkum var fundið að því hve mikill tími fór í að læra tvö fornmál, latínu og grísku.

Meðal þeirra sem andmæltu skólahaldi húmanista á sextánda öldinni er Frakkinn Michel de Montaigne (1533–92) líklega frægastur. Hann fór hörðum orðum um fornmálastaglið og sagði að ekki væri sjón að sjá nemanda eftir 15 til 16 ára skólagöngu. Ekki yrði merkt að honum hefði farið fram á annan hátt en þann að latínun og grískun hefðu gert hann montnari og hrokafyllri en hann var áður en hann fór að heiman. Montaigne sagði að tímanum væri betur varið við að leika tennis heldur en við nám sem hvorki bætti hræringar sálarinnar né stuðlaði að heilbrigðari dómgreind: Tennis liðkaði að minnsta kosti líkamann.³⁵

John Locke, sem nefndur var í 2. hluta sem helsti menntahugsuður upplýsingarinnar og höfundur *Hugleiðinga um menntamál*, þekkti rit Montaigne³⁶ og tók undir gagnrýni hans á skólanám sem snerist einkum um latínu og grísku. En gagnrýni Lockes á skólahald sinnar aldar byggðist þó ekki nema að hluta til á því sem hann hafði lesið. Hann nýtti einnig sína eigin reynslu.

Frá 1646, þegar Locke var 14 ára, til 1652, gekk hann í strangan unglingaskóla í Westminster þar sem skólapiltar kynntust hörðum aga. Þetta þótti virðulegur skóli á sínum tíma. Námsefnið var aðallega latína og gríska en einnig hebreska, arabíska, reikningur, rúmfræði og landafræði. Þrjú síðastnefndu fögin voru öll kennd á latínu. Skóladagurinn var langur og strangur og fór að mestu í latínu og forngrísku, einkum utanbókarnám á málfræði þessara mála; texta- og ljóðagerð; þýðingar milli þeirra og mælskulist.³⁷

Locke líkti þessum skóla sem hann gekk í við þrælahald í fornöld þar sem menn voru pískaðir áfram og sagði að þrælslegur agi gerði menn þrælslega í lund („slavish Discipline makes a slavish Temper“).³⁸ Mælskulist, eins og hann var látinn læra, taldi hann ekki eiga neitt erindi við börn og unglinga og ekki heldur ljóðagerð á fornmálum.³⁹ Hann andmælti ekki aðeins kennsluháttum, aga og áherslum þessa eina skóla sem hann gekk sjálfur í, heldur

³⁵ Montaigne 1991: 156.

³⁶ Yolton og Yolton 1989: 8–14.

³⁷ Woolhouse 2007: 10–15.

³⁸ Locke 1989: 113 og 207 [§49 og §147].

³⁹ Sama rit: 230 og 240 [§174 og §188].

gerði uppreisn gegn allri skólahefð húmanismans og mótaði nýja menntastefnu sem var öndverð henni.⁴⁰

Þetta kann að skýra að einhverju leyti að Locke ætlaði lestri skáldverka og kynnum af listum ekki neinn stað í námskrá sinni. Hann mælti að vísu með því að teikning væri námsgrein, en rök hans fyrir því voru aðeins á þá leið að ýmsar hagnýtar upplýsingar væri auðveldara að skrá með teikningu en orðum.⁴¹ Hann áleit rétt að halda aftur af ungmennum sem hneigðust til ljóðagerðar enda væri slíkt áhugamál til þess fallið að koma þeim í tæri við vafasaman félagsskap. Hann gerði líka heldur lítið út gildi þess að nema tónlist og málalist og taldi slíka iðju vera tímasóun.⁴²

Á átjándu öld varð Locke helsta átrúnaðargoð upplýsingarmanna og þeir gerðu menntastefnu hans að sinni. Andstaða við áherslu húmanistanna á skáldskap er gegnumgangandi í ritum upplýsingarmanna. Immanuel Kant (1724–1804) lagði til dæmis til að allar skáldsögur væru teknar af börnum og sagði að þær héldu ímyndunaraflinu föngnu án þess að þjálf hugsunina.⁴³ Lengst gekk þessi andstaða gegn bókmenntakennslu hjá mesta æringja upplýsingartímans, Jean-Jacques Rousseau (1712–1778), sem hélt því fram að börn skyldu engar bækur lesa og sagði að barn sem læsi hugsaði ekki.⁴⁴

Upplýsingin tókst á við stefnu húmanista allt fram að lokum nítjándu aldar og ef til vill standa þau átök enn. Námskrár og áherslur í skólamálum frá nítjándu öld draga dóm af þessu og má að miklu leyti skoða sem málamiðlanir milli þessara andstæðu sjónarmiða.

*

Menntastefnan sem John Locke setti fram og upplýsingarmenn tóku upp á sína arma var á ýmsan hátt framhald af stefnu sem átti fylgi meðal hreintrúarmanna (púríтана) á sextándu og sautjándu öld og lagði meiri áherslu á víðtæka þekkingu en kunnáttu í formálum. Enski heimspekingurinn John White hefur rannsakað tengsl þessarar menntastefnu við guðfræðikenningar og trúarlegar hugmyndir og rökstutt að áherslan á sem víðtækasta þekkingu hafi fundið hljómgrunn meðal annars vegna þess hvað hún kom vel heim við trú á

⁴⁰ Bantock 1980: 240.

⁴¹ Locke 1989: 215 [§161].

⁴² Sama rit: 230–31, 252–3 og 256–7 [§174, §197 og §203].

⁴³ Kant 1992: 73 [§69].

⁴⁴ Rousseau 1991: 168.

gildi þess að alvíska guðs endurspegladist í mannshuganum.⁴⁵ White hefur einnig sett fram þá kenningu að rýr hlutur listgreina í námskrá upplýsingarmanna og eftirkomenda þeirra sé að nokkru arfur frá hreintrúarstefnunni.⁴⁶

5. Málamiðlun upplýsingar og húmanisma á nítjándu öld

Eins og rakið hefur verið gerðu Locke og eftirmenn hans í hópi upplýsingarmanna heldur lítið úr menntagildi skáldskapar og lista. Þegar kom fram á seinni hluta átjándu aldar fóru hugmyndir í anda húmanismans aftur að sækja í sig veðrið og menntafrömuðir að ræða um uppeldis- og menntagildi fagurra lista. Hugmynd eða hugsjón um alhliða þroska er eins og rauður þráður í þeirri umræðu.

Þekktustu talsmenn þess að auka hlut listrænna viðfangsefna í almennri menntun töluðu gjarna um að án listanna þroskaðist aðeins hluti af gáfum mannsins, en menntun ætti að þroska allan manninn. Helsti frumkvöðull hugmynda af þessu tagi var þýska skáldið og heimspekingurinn Friedrich Schiller sem uppi var frá 1759 til 1805.

Rit Schillers um þessi efni, *Briefe über die ästhetische Erziehung des Menschen*, birtist upphaflega sem tímaritsgreinar árið 1795. Íslensk þýðing Arthúrs Björgvins Bollasonar og þratar Ásmundssonar nefnist *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*.

Schiller andmælti menntastefnu upplýsingarinnar á þeim forsendum að hún legði ofuráherslu á skilning og skynsemi á kostnað tilfinninganna. Hann lýsti ríkjandi menntun og menningu við lok átjándu aldar svo að heilar stéttir manna þroskuðu aðeins hluta hæfileika sinna og fór hörðum orðum um menntun sem fól aðeins í sér undirbúning undir eitthvert starf í stað þess að leggja rækt við „mennskuna í sínu eigin eðli.“⁴⁷

Þótt Schiller hafi staðið fremstur meðal jafningja voru áherslur hans á gildi lista og fagurfræði í almennri menntun hvorki sérstakar né óvenjulegar. Þær spegluðu aldaranda sem birtist líka í ritum manna á borð við Vicesimus Knox (1752–1821), Samuel Taylor Coleridge (1772–1834), John Stuart Mill (1806–1873) og Matthew Arnold (1822–1888).⁴⁸

⁴⁵ White 2009.

⁴⁶ White 2005: 7.

⁴⁷ Schiller 2006: 90–92.

⁴⁸ Arnold 1925: 8–9; Bantock 1984: 48 o. áf., 112, 209–210 og 216; Schmitter, Tarcov og Donner 2006: 87.

Schiller leit svo á að sönn menntun jafngildi alhliða þroska sem fæli í sér skilning, góðmennsku og smekkvísi og hún væri eftirsóknarverð í sjálfri sér en ekki einungis vegna þess að hægt væri að nota hana til að fá gott embætti eða öðlast einhver önnur veraldargæði. En þótt hann teldi menntun hafa gildi í sjálfri sér lagði hann líka áherslu vissa gerð af nytjagildi, einkum mikilvægi almennrar og alhliða menntunar fyrir þróun lýðræðislegri stjórnarháttá, jafnréttis og betra samfélags.⁴⁹ Hann hafnaði því ekki alfarið áherslum upplýsingarinnar á nytjagildi náms heldur reyndi að sætta og samþætta áherslur á hið háleita og hið hagnýta.

Svar Schillers við ofuráherslu upplýsingamanna á hið hagnýta var að endurvekja að nokkru menntahugsjón húmanismans og hefja forngríska menningu á stall enda taldi hann að aðalsmerki klassískrar grískrar menningar hefði verið að þar var maðurinn heill og sannur og þroski hans alhliða og jafnvægi og eining í tilverunni.⁵⁰

Þessi upphafna mynd Schillers af fornri menningu Grikkja birtist í ljóðum hans eins og til dæmis Skemmtigöngunni (*Der Spaziergang*) sem til er í íslenskri þýðingu Steingríms Thorsteinssonar og Grikkja-goðum (*Die Götter Griechenlands*) sem Helgi Hálfðanarson þýddi.

Fleiri andans jöfrar á þessum tíma sáu gríska fornmenningu fyrir sér í hillungum og þar var heimspekingurinn Georg Hegel (1770–1831) fremstur í flokki. Honum þótti, eins og Schiller, samtímamenn sínir klofnir sundur í skynsemi og tilfinningar og trúði því að í Hellas hefði þetta ekki verið svona, þar hefði maðurinn verið heill.⁵¹

Svipaða hugsun og hjá Schiller má finna hjá mörgum af frumkvöðlum rómantísku stefnunnar sem töluðu um heildræna menntun og alhliða þroska, enda hafði Schiller mikil áhrif á upphafsmenn rómantíkurinnar.⁵² Líkt og hann gerðu þeir uppreisn gegn menntastefnu upplýsingarinnar og dáðust að hugsjón húmanista um heimsborgaralega menntamenn sem þekktu klassíska menningu.⁵³

Hugsjónir Schillers og rómantískra eftirmanna hans bárust víða. Í enskumælandi löndum urðu hugmyndir í þessum dúr einkum kunnar af ritum Matthews Arnold sem var

⁴⁹ Schiller 2006: 110; Þröstur Ásmundsson 2006: 46.

⁵⁰ Schiller 2006: 88 o. áf.

⁵¹ Atli Harðarson 1998: 215–16.

⁵² Beiser 2006: 140–41.

⁵³ Sama rit: 136–8.

eftirlitsmaður með enskum skólum frá 1853 til 1883 og atkvæðamikill í umræðu um skólamál á sinni tíð.⁵⁴ Ekki veit ég til að Arnold hafi haft áhrif á menntamál í Danmörku á nítjándu öld en þar sem hugsun hans er góður vitnisburður um tíðarandann finnst mér samt rétt að segja frá henni í fáum orðum.

Arnold áleit að menntun skyldi stuðla að heildarfullkomnun mannsins eða alhliða þroska hans (“harmonious perfection, developing all sides of our humanity”). Hann vildi bæta ljóðlist og fagurbókmenntum við námskrá upplýsingarinnar fyrir unglingastig og lagði í því sambandi ekki aðeins áherslu sígild rit Grikkja og Rómverja heldur líka á þjóðlegar bókmenntir.⁵⁵

Í ritgerðinni *Education and the State*, sem birtist í bókinni *On the Study of Celtic Literature*, sem út kom árið 1867, hélt Arnold því fram lýðræði væri að taka við sem stjórnskipan – jafnrétti væri kall tímans – og hann velti því fyrir sér hvernig sá nýi heimur sem var að verða til gæti ávaxtað það besta úr menningu eldra samfélags. Niðurstaða hans var að hámenning, sem miðlað væri skipulega í opinberu skólakerfi, gæti komið í veg fyrir að lýðræðið gerði Engendinga menningarsnauda, eins og hann áleit að Ameríkanar væru.⁵⁶

Arnold hélt áfram að fjalla um svipað efni í bókinni *Culture and Anarchy* sem út kom 1869. Menntunin sem hann lýsti þar, sem forsendu fyrir varðveislu hámenningar, var að því leyti ólík menntuninni sem upplýsingarmenn mæltu með að fagurfræðilegt uppeldi skipaði öndvegi við hlið þess vitsmunalega. Orðið sem hann notaði yfir þessa menntahugsjón sína var „culture“ sem hann sagði að væri leit að alhliða fullkomnun („total perfection“) með því að kynast því besta sem hefur verið hugsað og sagt í veröldinni.⁵⁷ Hann leit svo á að slík menntun væri fyrir alla, ekki aðeins hástéttina, enda taldi hann, eins og áður segir, að upp væri runninn öld jafnréttis og lýðræðis.⁵⁸

*

Hér hefur verið greint í stuttu máli frá sókn viðhorfa í anda húmanisma undir lok átjándu aldar og fram eftir nítjándu öld. Þessi viðhorf birtust einkum í trú á gildi þess að kynast fornri menningu Grikkja, hugmyndum um mikilvægi skáldskapar og fagurfræðilegs uppeldis og kenningum um alhliða þroska sem markmið menntunar. Þær höfðu veruleg áhrif alla

⁵⁴ Knickerbocker 1925: x–xv.

⁵⁵ Arnold 1925: 8–9; Bantock 1984: 209–210.

⁵⁶ Arnold 1910: 169–179.

⁵⁷ Arnold 1925: 6.

⁵⁸ Sama rit: 66–7.

nítjándu öld sem komu meðal annars fram í því að í Þýskalandi, Danmörku og víðar var lögð áhersla á forngrísku í menntaskólum fram yfir aldamótin 1900.

Það var raunar ekki fyrr en 1908 að þýskir háskólar fóru að taka við nemendum sem ekki höfðu lært grísku í menntaskóla. Ensku háskólarnir í Cambridge og Oxford gerðu kröfu um grískukunnáttu til ársins 1920.⁵⁹ Í Danmörku varð breyting á þessu árið 1903 eins og hér hefur verið frá sagt.

6. Lokaorð

Námskrá fyrir stúdentsnám sem mótaðist á Danmörku á nítjándu öld var málamiðlun milli menntastefnu upplýsingar og húmanisma. Þær miklu breytingar sem urðu á stúdentsnámi í Danmörku 1903 og hér á landi 1904 voru sigur fyrir upplýsingarmenn, án þess þó að sjónarmið húmanista væru algerlega fyrir borð borin. Síðan 1904 hafa engin ámóta róttæk þáttaskil orðið í sögu stúdentsprófsins. Hins vegar hefur smám saman stærri og stærri hluti hvers árgangs numið til stúdentsprófs. Eftirfarandi tilvitnun í grein sem Arnljótur Ólafsson ritaði árið 1875 gefur örlitla hugmynd um þá breytingu sem orðið hefur í þessum efnum síðan á nítjándu öld.

Ég skal aðeins nefna eitt land, það er Prússland, er nú um tíma hefir fengið mestan veg, sem kunnugt er. Þar gengu nú fyrir nærfellt 40 árum síðan svo margir í latínuskóla og gagnfræðaskóla, að einn skólapiltur kom á hverja 585 landsmanna. Eftir því ætti hér á landi að vera nálægt 120 pílta í skóla ár hvert. Með öðrum orðum: nálega helmingi fleiri þurfa að læra en nú er.⁶⁰

*

Englendingurinn Micheal Oakeshott (1901–90) var einn af merkustu menntaheimspekingum síðustu aldar. Í grein eftir hann sem heitir A Place of Learning og birtist árið 1975 lýsti hann skóla sem stað þar sem er næði svo hægt sé, ótruflaður af erli tímans, að hlýða á þá sem skarað hafa fram úr. Hann dásamaði líka frjálsa menntun sem væri laus við þá mæðu að uppfylla tilfallandi þarfir. Í þessari sömu grein sagði hann að menntun í hefðbundnum námsgreinum gerði nemendum kleift að taka þátt í samræðu lærða manna á mörgum

⁵⁹ Mann 2006: 144.

⁶⁰ Arnljótur Ólafsson 1986: 72.

tímum og nema fleiri raddir en þá sem hæst lætur nú um stundir. Oakeshott sagði að þessi háværa rödd samtímans mælti máli græðginnar („the language of appetite“).⁶¹

Í augum þeirra sem sjá skólanám í svipuðu ljósi og Oakeshott er skiljanlegt og eðlilegt að innihald stúdentsnáms breytist hægt og að þrátt fyrir allt umrót tuttugustu aldar hafi listinn yfir námsgreinar sem stúdentsefni læra haldist lítt breyttur.

En hugsji menn sem svo að stúdentsnámið eigi einkum að mæta tilfallandi þörfum og þeir sem móta námskrá eigi umfram allt að hlusta á raddir sem mest gjalla í samtíðinni, kann þeim að virðast undarlegt og jafnvel óskiljanlegt hvað innihald þess hefur breyst hægt og lítið undanfarna öld þótt annað hafi verið á ferð og flugi.

Hér hefur verið gerð ofurlítill grein fyrir tveim ólíkum, og að ýmsu leyti öndverðum, stefnum í menntamálum sem mótuðu áherslur danskra, og þar með líka íslenskra, skóla. Báðar þessar stefnur geta aðlagast breyttum tímum og fylgismenn beggja geta beitt sér fyrir nýjungum í skólamállum. Eins og tveir af þekktustu talsmönnum húmanisma í menntamálum nú síðustu árum, þau Martha Nussbaum og Edward W. Said,⁶² hafa rökstutt af miklum lærdómi, hlýtur menntun í anda þessarar stefnu að vera öðru vísi núna en fyrir einni öld meðal annars vegna þess að nú þarf að miðla fjölbreytilegri menningararfi og tala til sundurleitari nemendahóps. Sömuleiðis hlýtur menntun í anda upplýsingarinnar, þar sem áhersla er lögð á víðtækan skilning á náttúru og mannlífi, að þróast í takt við tímann. Það er til dæmis mikilvægara nú en fyrir einni öld að læra ensku og upplýsingatækni svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir þessa fyrirvara má segja að bæði húmanisminn og upplýsingin leggi til námskrá sem er lítt háð stað og stund og hlýtur að breytast fremur hægt. Húmanisminn gerir þetta einkum með áherslu sinni á að nemendur kynnist (einhverju af) því besta sem menn hafa hugsað og skapað og upplýsingin með því að halda fram gildi þess að þeir öðlist víðtæka þekkingu á mannlífi og náttúru og skilning á sem flestum greinum vísinda og fræða.

Sú málamiðlun á milli upplýsingar og húmanisma sem hér var lýst er ekki sérstök fyrir Danmörku og Ísland. Ég hygg að hægt sé að segja svipaða sögu frá flestum löndum í okkar heimshluta, enda eru námskrár víða líkar.⁶³

*

⁶¹ Oakeshott 1989: 24, 28, 38 og 41–2.

⁶² Nussbaum 1998; Said 2004.

⁶³ Carr 2003: 137–8; White 2005: 6.

Við námskrárgerð er óráðlegt að hugsa einungis um stundargildi og stundarhag. Nú þegar verið er að endurskoða námsbrautir til stúdentsprófs og skrifa nýjar skólanámskrár er ef til vill hollt að hafa í huga að sú skipan sem fyrir er á sér djúpar rætur í menningu okkar. Eigi að rökræða hana af einhverju viti þarf að horfa til langs tíma og átta sig á umræðu sem staðið hefur lengi. Sum mikilvægustu rökin sem þarf að taka afstöðu til er að finna í ritum sem eru meira en aldargömul. Sjálfur held ég að eitt mikilvægasta umræðuefnið ætti að vera hvort ekki hafi hallað fullmikið á bókmenntir, listir, menningarsögu og heimspæki á síðustu öld. Ef til vill er tímabært að dusta rykið af Schiller og auka aftur veg húmanískra mennta.

Nám til stúdentsprófs hefur um langt árabil sameinað áherslu húmanista á að nemendur kynnist því besta úr menningunni og áherslu upplýsingarinnar á að þeir öðlist víðfeðman skilning. Þetta þýðir vitaskuld ekki að námsefnið skuli óbreytt alla tíð. Góðar hefðir eru sveigjanlegar. En sá sem hyggst hafna hefðinni, og semja námskrá sem byggir á einhverju allt öðru en nýrri málamiðlun upplýsingar og húmanisma, ætti að minnsta kosti að gera sér ljóst að áform hans eru býsna róttæk.

Rit

- Arnljótur Ólafsson. (1986). Um skóla á Möðruvöllum. Í Bragi Jósefsson *Þættir úr íslenskri skólasögu*, (bls. 57–76). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Arnold, Matthew. (1910). *On the Study of Celtic Literature and other Essays*. London: J. M. Dent & Sons, Ltd.
- Arnold, Matthew. (1925). *Culture and Anarchy*. New York: The MacMillan Company.
- Atli Harðarson. (1998). *Vafamál*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bantock, G. H. (1980). *Studies in the History of Educational Theory: Volume 1, Artifice & Nature 1350–1765*. London: George Allen & Unwin.
- Bantock, G. H. (1984). *Studies in the History of Educational Theory: Volume 2, The Minds and the Masses 1760–1980*. London: George Allen & Unwin.
- Beiser, Frederick C. (2006). Romanticism. Í Randall Curren (ritstjóri), *A Companion to the Philosophy of Education*, (bls. 130–142). Malden, Massachusetts: Blackwell.
- Bogi Th. Melsteð. (1986). Um menningarskóla. Í Bragi Jósefsson, *Þættir úr íslenskri skólasögu*, (bls. 127–156). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Bragi Jósefsson. (1986). *Þættir úr íslenskri skólasögu*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Carr, David. (2003). *Making Sense of Education: An Introduction to the Philosophy and Theory of Education and Teaching*. London og New York: RoutledgeFalmer.
- Haue, Harry. (2004). *Almendannelse for tiden – en ledetråd i dansk gymnasieundervisning*. Odense: Syddansk Universitetsforlag.
- Jón Sigurðsson. (1986). Um skóla á Íslandi. Í Bragi Jósefsson, *Þættir úr íslenskri skólasögu*, (bls. 19–32). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

- Kallendorf, Craig. (2006). Humanism. Í Randall Curren (ritstjóri), *A Companion to the Philosophy of Education*, (bls. 62–72). Malden, Massachusetts: Blackwell.
- Kant, Immanuel. (1992). *Kant on Education (Ueber Pädagogik)* (ensk þýðing Annette Churton). Bristol: Thoemmes Press.
- Knickerbocker, William S. (1925). Editor's Introduction. Í Matthew Arnold, *Culture and Anarchy*, (bls. vii–xxii). New York: The MacMillan Company.
- Kristinn Ármannsson, Einar Magnússon, Guðni Guðmundsson og Heimir Þorleifsson. (1975). *Saga Reykjavíkurskóla 1: Nám og nemendur*. Reykjavík: Sögusjóður Menntaskólans í Reykjavík.
- Locke, John. (1989). *Some Thoughts Concerning Education*. Oxford: Clarendon Press.
- Locke, John. (1993). *Of the Conduct of the Understanding*. Bristol: Thoemmes Press.
- Mann, Wolfgang. (2006). The Past as Future? Hellenism, the Gymnasium, and, Altermumswissenschaft. Í Randall Curren (ritstjóri), *A Companion to the Philosophy of Education*, (bls. 143–160). Malden, Massachusetts: Blackwell.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneytið. (2004). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Montaigne, Michel de. (1991). *The Complete Essays* (ensk þýðing M. A. Screech). London: Penguin Books.
- Nussbaum, Martha Craven. (1998). *Cultivating Humanity: A classical Defense of Reform in Liberal Education*. Cambridge, Massachusetts: Harvard University Press.
- Oakeshott, Michael. (1989). *The Voice of Liberal Learning*. New Haven; London: Yale University Press.
- Rousseau, Jean-Jacques. (1991). *Emile* (ensk þýðing Alan Bloom). London: Penguin Books.
- Said, Edward W. (2004). *Humanism and Democratic Criticism*. New York: Columbia University Press.
- Schiller, Friedrich. (2006). *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins* (íslensk þýðing Arthúrs Björgvins Bollasonar og Prastar Ásmundssonar). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Schmitter, Amy M., Tarcov, Nathan og Donner, Wendy. (2006). Enlightenment Liberalism. Í Randall Curren (ritstjóri), *A Companion to the Philosophy of Education*, (bls. 73–93). Malden, Massachusetts: Blackwell.
- Stefán Stefánsson. (1986). Það þarf að mennta alþýðu. Í Bragi Jóseppson, *Þættir úr íslenskri skólasögu*, (bls. 157–164). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Valdimar Ásmundarson. (1986). Alþýðumentun. Í Bragi Jóseppson, *Þættir úr íslenskri skólasögu*, (bls. 115–126). Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- White, John. (2005). *The Curriculum and the Child – The Selected Works of John White*. London og New York: Routledge.
- White, John. (2009, 8. september). Why General Education? Peters, Hirst and History. *Journal of Philosophy of Education*. (Sótt 28. mars 2010 af <http://www3.interscience.wiley.com/cgi-bin/fulltext/122591805/PDFSTART>).
- Woolholuse, Roger. (2007). *Locke – A Biography*. New York: Cambridge University Press.
- Yolton, Jean S og Yolton, John W. (1989). Introduction. Í John Locke, *Some Thoughts Concerning Education*, (bls. 1–75). Oxford: Clarendon Press.
- Þróstur Ásmundsson. (2006). Inngangur. Í Friedrich Schiller, *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins* (íslensk þýðing Arthúrs Björgvins Bollasonar og Prastar Ásmundssonar). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.